# Fundargerð aðalfundar Kvennasmiðjunnar ehf.

Haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 9. október 2018 í Geysi.

Borin upp tillaga um Jón Jónsson sem fundarstjóra og Sóley Dögg Birgisdóttur sem fundarritara, samþykkt samhljóða

Jón byrjað á þvi að kanna hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Ekki eru gerðar athugasemdir við fundarboðið sem þó var sent út með vitlausri dagssetningu, en Gauti fylgdi því eftir með leiðréttingu.

Mætt: Sóley Dögg Birgisdóttir, Gauti Jóhannesson, Eðvald Smári Ragnarsson og Jón Jónsson. Gauti Jóhannesson er með umboð fyrir Djúpavogshrepp og Atvinnuþróunarsjóð. Eðvald Smári Ragnarsson er með umboð fyrir Hólmfríði Haukdal. Mætt er þá fyrir 93% hluthafa.

Fundarstjór kannaði lögmæti fundarins. Mætt er fyrir meira en 50% hluthafa og fundur telst lögmætur.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur félagsins 2017. Gauti fór yfir starfsemi félagsins árið 2017.

2. Ársreikningur fyrir 2017 lagður fram til kynningar og staðfestingar fundarins. Ársreikningur félagsins var borinn upp og samþykktur samhljóða. Eðvald benti á að skoða þyrfti hvort hægt skera kostnað enn frekar niður.

3. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna. GJ bar fram tillögu um að stjórn og varamenn væru skipuð með eftirfarandi hætti: Gauti Jóhannesson, Kristján Ingimarsson og Eðvald Smári Ragnarsson stjórnarmenn, Þorbjörg Sandholt og Steinunn Jónsdóttir varamenn. Magnús Hreinsson skoðunarmaður og Jón Sigurðsson sem varaskoðunarmaður. Tillaga var samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðum um hvernig ráðstafa skuli hagnaði eða tapi síðastliðins starfsárs, og framlög í varasjóð. GJ leggur til að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2017. Tillagan var samþykkt.

5. Ákvörðum um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda. GJ leggur til að greiðslur verið óbreyttar frá fyrra ári, 5000 kr eru greiddar fyrir setinn stjórnarfund og 15.000 fyrir skoðun á reikningum félagsins. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:15.

Sóley Dögg Birgisdóttir, fundarritari

Gauti Jóhannesson
Eðvald S Ragnarsson
Sóley Dögg Birgisdóttir
Jón J